



ÖLL MEÐ Í KÓPAVOGI

Allir með er verkefni íþróttahreyfingarinnar sem gengur út á að fjölga tækifærum fyrir börn með stuðningsparfir.

Eftirfarandi íþróttafélög í Kópavogi bjóða upp á æfingar fyrir börn með stuðningsparfir:



Gerpla fimleikar - Í boði eru: Þrír grunnhópar skipt eftir aldri, Parkourhópur sem kallast Víkingahópurinn, sem er fyrir iðkendur sem þola illa áreiti og æfir hópurinn einn í salnum og svo er Special Olympics hópur sem er fyrir þá sem eru lengra komnir í fimleika íþróttinni. Allar upplýsingar veitir Bára Björt Stefánsdóttir deildarstjóri á netfanginu bara@gerpla.is



HK Handbolti

HK býður upp á handboltaæfingar - Æfingarnar fara fram í Kórnum á sunnudögum kl.12:30. Skráning og nánari upplýsingar á skrifstofu HK, netfang hk@hk.is og í síma 513-8700. Einnig á heimasíðu félagsins www.hk.is



HK borðtennisdeild

Borðtennis fyrir alla. Borðtennis er íþrótt sem allir geta stundað, sama hvort þú situr eða stendur. Æfingar eru á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum, kl 16:30 - Íþróttahúsi Snælandsskóla í Kópavogi við Víðigrund. Upplýsingar - Bjarni Bjarnason - ttennis.bb@gmail.com



Breiðablik knattspyrna

Breiðablik er með knattspyrnuæfingar á sunnudögum kl. 10:00 – 11:00. Allar nánari upplýsingar gefur Arnór Daði Gunnarsson arnordadi@breidablik.is



Dansfélagið Hvönn

Hvönn hefur boðið upp á kennslu fyrir fólk með fatlanir í yfir tuttugu ár. Glæsileg aðstaða félagsins er að Ögurhvarfi 4a á jarðhæð og mjög gott aðgengi fyrir alla. Fyrirspurnir og upplýsingar - hvonn@hvonn.is og í síma 615-2318



„Ég eignaðist ekki vini fyrr en ég byrjaði að æfa íþróttir“

Róbert Ísak Jónsson
keppandi á Paralympic 2024.


ALLIR MEÐ
www.allirmed.com